



Til bæjarráðs

Kópavogi, 28. mars 2023
1906117/900.00 JVK

Minnisblað úr Gallup könnun um Heimsmarkmið SP

Gallup hefur nú spurt úrtak íbúa Kópavogsbæjar um hvort þeir þekki til eða hafi heyrt af Heimsmarkmiðum SP þrjú ár í röð, 2020, 2021 og 2022. 83% þekkir eða hefur heyrt um HM SP (70% 2021, 76% 2020). Meðfylgjandi er niðurstaða könnunar Gallup um HM SP.

Það sem vekur athygli er að sú nálgun sem Kópavogsbær ákvað að viðhafa sem fyrstu skref gagnvart íbúum í upphafi innleiðingar stefnu Kópavogsbæjar og þar með Heimsmarkmiðanna virðist gefa vísbendingar um árangur. Þar var lagt upp með að kynna Heimsmarkmiðin fyrir íbúum í gegnum nemendur í grunnskóla og leyfa fræðslunni að rata þannig heim til foreldra. Sumir grunnskólar voru með sér foreldrafundi til að kynna Heimsmarkmiðin.

Þær niðurstöður úr könnuninni sem gefa vísbendingar um þetta eru að sá hópur sem er með fleiri börn á heimili og ef margir eru á hverju heimili þekkja mun betur og hafa heyrt meira af HM en aðrir hópar.

Unga fólkið (18-24 ára) þekkir afgerandi betur til HM eða 67%, og unga fólkið sem hefur heyrt af þeim og þekkir til þeirra er 89%, sem er vel yfir niðurstöðu könnunarinnar. Næsti hópur þar á eftir sem þekkir til þeirra er 39% (25-34 ára) og samtala á þekkir til og hefur heyrt af HM er 84% í þeim aldurshópi. Sá hópur sem þekkir og hefur heyrt um HM er stærri með meiri menntun og tekjum. 65 ára + þekkir þau áberandi minnst 14% en 66% hefur heyrt um HM, samtals 80%.

Virðingarfyllt,

Auður Finnbogadóttir
Stefnustjóri